

Kyrkjan hefir staðið síðan á 17. öld, og er því orðin hraparlega á eftir tímanum. Hún var sett á stað með frelsishreyfingunni um miðbik 19. aldar, en var ekki færð, svo hún hefir orðið of sein. En nú eru þeir að smá færa hana, lærlifeðurnir við prestaskólan, svo hún er ekki orðin meira en fjórðung aldar á eftir, alls yfir, ef dæma má eftir aðsendum ritgjörðum í Kirkjublaðinu. Vitanlega er stundarvísir sjálfrá leiðtoganna ekki svo langt á eftir, og gætum vér trúað að hann fylgdi, í þeim efnum, fyllilega með jarðar eða sólfganginum.

Ýmsar greinir í Kirkjublaðinu, eftir ritstjórann, sanna það ljóslega, og mætti benda á „Freistaingarsögu Jesú“ í 5. tbl. þ. á. sein dæmi. Þar er skýrt tekið fram hversu sagan hafi myndast út úr þjóðtrú fyrri tíma, og hvaða þýðing slíkar „dæmisögur“ hafi fyrir þessa tíma. Eftir því sem séð verður er það líka verk ritstj. útlegging og upptekning ýmsra greina eftir Dr. Reginald J. Campbell í Lundúnum, höfund „Nýju Guðfræðinnar“ svenefndu. Flestar þær ritgjörðir meðhöndla hinar fornu Orþodoxu kreddur og útskýra þær burt úr trúnni og hugum manna.

Eins og nú horfir, væri hin trúarlega afstaða Reykjavíkur guðfræðinganna hin trúarlega afstaða meiginheildar íslenzku kyrkjunnar, með þeim framförum er allar líkur benda til að verða muni, fara senn allir Íslendingar að geta sameinast á ný, innan einnar kyrkju— radikalarnir líka, svo að ein verði kyrkja allra Íslendinga, —íslenska kyrkjan— og ein trú og trúarjátning, að leita sannleikans og „að treysta mannsandanum til að þekkja og kannast við sannleikann, hvaðan sem hann kemur.“

---

Þessi rýmkunar stefna í kyrkjumálunum, er farið hefir fjarska hægt upp til síðstu tíma, hefir þó ekki verið látin óátalín, frá því allra fyrsta, á Íslandi frekar en annarstaðar. Er það bæði einkennilegt og stundum kátlegt, þegar litlum er til baka, að horfa á hvernig menn hafa staðið, bæði hver gagnvart öðrum og breytt hliðum á því máli. Það er gömul saga, ekki þó án þýðingar fyrir það sem nú er að gjörast, deilan út af Viðeyjarbókinni, Njólu, Jóhannesar guðspjalli, Trúfrelsi o. fl. En það er mikil yngrisaga, deilan út af „Steingjörfingum“ Péturs byskups,